




REFSHOLT 17 HÁLSUM SKORRADAL



BYGGINGARREITUR SKV. NÚV. SKIPULAGI - M.K. 1/500



BREYTTUR BYGGINGARREITUR - M.K. 1/500



YFIRLITSUPPDRÁTTUR - M.K. 1/10.000

Breyting á deiliskipulagi Frístundabyggð í Hálsaskógi, annar áfangi (Refsás) lóð nr. 17

Annar áfangi frístundabyggðar í Hálsaskógi Skorradal er um 6 ha. að stærð. Á svæðinu eru samtals 9 lóðir (nr. 9 - 17).
Breytingin á deiliskipulaginu felst í auknu leyfilegu byggingarmagni og stækun byggingarreits á lóð nr. 17. Landnúmer 197524.

BYGGINGARREITUR:
Byggingarreitur breytist þannig að fjárlægð frá lóðarmörkum Refsholts 15 minnkar úr 20,0 metrum í 15,0 metra. Fjárlægð frá lóðarmörkum meðfram götu verður 10,0 metrar. Byggingarreitur breikkar úr 25,0 metrum í 35,0 metra.

BYGGINGARMAGN:
Í gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var í Hreppsnæfnd Skorradalshrepps þann 10.11.2004 segir eftirfarandi um byggingarskilmála:

BYGGINGARSKILMÁLAR:
Húsgerðir
Leyfilegt verður að byggja eitt hús á hverri lóð allt að 120 m² að grunnfleti (undantekning er lóð nr. 10 þar sem leyfilegt verður að byggja tvö hús). Því til viðbótar er leyfilegt að byggja allt að 10 m² geymslu sem tengist húsi eða verönd. Húsin skulu vera á einni hæð, með risþaki t.d. T-bústaðir. Miða skal við að vegg hæð langveggja sé ekki hærrí en 250 cm. Þakhalli skal vera á bilinu 1:2 til 1:3. Hús skal staðsetja innan uppgefins byggingarreits og hvergi nær lóðarmörkum en 10 metra. Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir og dæmigerð staðsetning og stefna húss innan þeirra.

Byggingarefni og litir
Húsin skulu að öllu leyti byggð í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar. Aðalefni húsa skal vera timbur og helst með steypum sökkli. Útveggir skulu vera klæddir að utan með timburklæðningu. Þak- og veggfletir húsa skulu vera í náttúrulegum dökkum litum þannig að þeir falli sem best að umhverfinu.

TILLAGA AÐ BREYTTUM BYGGINGARSKILMÁLUM:

Húsgerðir
Nýtingarhlutfall lóðar skal vera að hámarki 0,05 (206,4 m²). Leyfilegt verður að byggja eitt hús á lóðinni, ásamt allt að 10 m² geymslu sem tengist húsi eða verönd. Húsin skulu vera á einni hæð, með risþaki t.d. T-bústaðir. Miða skal við að vegg hæð langveggja sé ekki hærrí en 250 cm. Þakhalli skal vera á bilinu 1:2 til 1:3. Hús skal staðsetja innan uppgefins byggingarreits og hvergi nær lóðarmörkum en 10 metra. Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir og dæmigerð staðsetning og stefna húss innan þeirra.

Byggingarefni og litir
Húsin skulu að öllu leyti byggð í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar. Aðalefni húsa skal vera timbur og helst með steypum sökkli. Útveggir skulu vera klæddir að utan með timburklæðningu. Þak- og veggfletir húsa skulu vera í náttúrulegum dökkum litum þannig að þeir falli sem best að umhverfinu.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grenndarkynnt samkvæmt 44 gr. sömu laga

frá _____ til _____

var samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps þann _____

Oddviti Skorradalshrepps _____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____